

153. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- haldinn í Fjölheimum 23.08.2022 kl. 16.30

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Valdimar Hafsteinsson, Hulda Kristjánsdóttir, Magðalena Jónsdóttir og Gils Einarsson og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. Breyting á stjórn

Samband sunnlenskra sveitarfélaga hefur skipt um fulltrúa í stjórn Fræðslunetsins. Úr stjórn fer Ása Valdís Árnadóttir og inn kemur í hennar stað Hulda Kristjánsdóttir. Fundarmenn undirrituðu tilkynningu um breytingu í stjórn sem send verður RSK. Hulda Kristjánsdóttir var kjörin varaformaður.

2. Fræðslunetið í tölum 2021

Framkvæmdastjóri fór yfir nokkrar glærur með tölum úr starfseminni 2021 ásamt tölulegum samanburði milli ára.

3. Námsframboð haustannar 2022

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit og kynnti áætlað námsframboð haustannar 2022.

4. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað þar sem fram koma stöðugildi, staðsetningar á stöðugildum og breytingar sem hafa átt sér stað síðustu árin. Í kjölfar þess að um þessar mundir eru að losna verkefnastjórastöður hjá Fræðslunetinu var rætt um hversu mikið á að ráða og hvernig stöðugildum skuli dreift um Suðurland. Samþykkt að auglýsa eina verkefnastjórastöðu strax.

5. Önnur mál

- Fréttir úr starfseminni. Framkvæmdastjóri flutti stjórn helstu fréttir úr starfseminni.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 18:30.

Eyjólfur Sturlaugsson ritaði fundargerð